

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/45/21

frá 18. ágúst 2005

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB í þeim tilgangi að ákveða hámarksgildi fyrir styrk tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 3143)

(2005/618/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þar sem ljóst er að í sumum tilvikum er ógerlegt að sneiða algjörlega hjá þungmálum og brómuðum logavarnarefnum er tiltekinn styrkur blýs, kvikasilfurs, kadmíums, sexgilds króms, fjölbrómaðra bifenylna (PBB) eða fjölbrómaðra difenýletra (PBDE) ásætlanlegur í efnum.
- 2) Sá hámarksstyrkur, sem lagður er til, byggist á gildandi löggjöf Bandalagsins um iðefni og er talinn henta best í þeim tilgangi að tryggja öflugna vernd.
- 3) Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. hefur framkvæmdastjórnin ráðfært sig við framleiðendur raf- og rafeindabúnaðar, endurvinnsluaðila, meðhöndlunaraðila, umhverfissamtök og starfsmanna- og neytendasamtök og sent athugasemdirnar áfram til nefndarinnar sem komið var á fót með 18. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang⁽²⁾.
- 4) Framkvæmdastjórnin bar ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, undir atkvæði 10. júní 2004 í nefndinni sem komið var á fót með 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE um úrgang. Aukinn meirihluti lá ekki til grundvallar þessum ráðstöfunum. Í samræmi við málsmeðferðina, sem sett er fram í 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE, var því lögð fram tillaga til ákvörðunar

fyrir ráðið 23. september 2004. Þar sem ráðið hafði, þegar tímabilið, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/95/EB, rann út, hvorki samþykkt fyrirhugaðar ráðstafanir né andmælt þeim í samræmi við 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽³⁾ ber framkvæmdastjórninni að samþykkja ráðstafanirnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi athugasemd bætist við viðaukann við tilskipun 2002/95/EB:

„Að því er varðar a-lið 1. mgr. 5. gr. skal ásætlanlegur hámarksstyrkur vera 0,1%, miðað við þyngd í einsleitu efni, fyrir blý, kvikasilfur, sexgilt króm, fjölbrómuð bifenylna (PBB) og fjölbrómaða difenýletra (PBDE) og 0,01%, miðað við þyngd í einsleitu efni, fyrir kadmíum.“

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. júlí 2006.3 gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. ágúst 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 214, 19.8.2005, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 1.6.2006, bls. 11.

(¹) Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

(²) Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(³) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.